

FRÉTTABRÉF

Lífeyrissjóðs verkfræðinga

www.lifsverk.is

2. tbl. 2008 – Nóvember

Kynningarfundur um áhrif fjármálakreppunnar á Lífeyrissjóð verkfræðinga

Stjórn Lífeyrissjóðs verkfræðinga boðar til kynningarfundar um áhrif fjármálakreppunnar á stöðu sjóðsins. Fundurinn verður haldinn miðvikudaginn 19. nóvember kl. 12–13 í fundarsal Verkfræðingafélags Íslands að Engjateigi 9. Boðið verður upp á samlokur og gosdrykki.

Fjallað verður um afskriftir í samtryggingardeild og séreignardeildum vegna gjaldþrota bankanna og greiðsluferfiðleika annarra fyrirtækja. Lýst verður áherslum sjóðsins í fjárfestingum næstu mánuðina og viðbótarleiðum í séreignarsparnaði.

Iðgjaldyfirlit

Þessu fréttabréfi fylgir yfirlit yfir iðgjöld til samtryggingar- og séreignardeilda fyrir tímabilið janúar til október 2008. Ekki eru birt réttindi eftir deildum vegna óvissu um verðmat eigna. Ekki er óeðlilegt að nýjustu mánuði vanti í yfirlitið vegna skráningar og innheimtu skilagreina.

Ef villur eru í yfirlitum eða iðgjöld vantar eru sjóðfélagar beðnir að láta skrifstofu sjóðsins vita án tafar, annars er hætt á að réttindi tapist, sbr. lög um Ábyrgðasjóð launa.

Skila má athugasemdum með tölvupósti á lifsverk@lifsverk.is eða í síma 568 8504.

Símanúmer þjónustufulltrúa SPRON vegna sjóðfélagalána:

Þjónustuver	s. 550 1400
Guðrún Helga	s. 550 1780
Valdís	s. 550 1752
Rakel	s. 550 1718

SPRON, Ármúla 13, s. 550 1200

Nýr sjóðfélagavefur

Á yfirlitinu yfir iðgjöld sem sjóðfélagi fær í hendur er birtur nýr veflykill sem sjóðfélaganum hefur verið úthlutað til aðgangs inn á nýjan sjóðfélagavef á heimasíðu sjóðsins, www.lifsverk.is. Kennitala sjóðfélagans er notandanafn inn á nýja vefinn og veflykillinn er lykilorðið. Hægt er að breyta veflyklinum þegar búið er að skrá sig inn á vefinn. Nýi vefurinn er mun aðgengilegri en sá eldri og bætt hefur verið við upplýsingum. Nú geta sjóðfélagar séð stöðu sjóðfélagalána og reiknivélar fyrir lán og lífeyrisgreiðslur eru mun betri en áður. Yfirleitt er auðvelt að skoða upplýsingar og mælt er með að sjóðfélagar prófi sig áfram. Inni á vefnum eru hjálparsíður, en einnig eru veittar upplýsingar á skrifstofu sjóðsins.

Nýr launagreiðendavefur verður einnig tekinn í gagnid fljótlega og verður launagreiðendum sent bréf með veflykli og leiðbeiningum. Sjóðfélagar sem einnig eru launagreiðendur geta notað eigin kennitölu og veflykil á sjóðfélagavefinn til að komast inn á launagreiðendavefinn.

Lífeyrissjóðurinn kaupir ný sjóðfélagalán af SPRON

SPRON hefur séð um afgreiðslu og þjónustu nýrra sjóðfélagalána frá júlí 2005. Í reynd veitti SPRON veitt lánið og sjóðurinn fjármagnaði lánveitinguna með því að greiða sömu fjárhæð inn á bankabók. Þann 15. október sl. keypti sjóðurinn öll lán sem SPRON hafði afgreitt fram að þeim tíma og greiddi með inneign á bankabókinni. Þetta var m.a. gert til að minnka áhættu sjóðsins vegna SPRON, en SPRON mun áfram sjá um innheimtu þessara lána sem og eldri sjóðfélagalána sjóðsins. Að auki gerir þetta sjóðnum kleift að hafa betra eftirlit með lánunum, m.a. til að hækka vexti ef sjóðfélagi hættir að greiða í sjóðinn. Sjóðfélagar sem tóku lán hjá SPRON verða varir við tvær breytingar vegna þessa: Seðilgjaldið lækkar úr 590 kr. í 490 kr. og lánanúmer breytist, þó ekki síðustu stafirnir. Því þurfa þeir sem láta skuldfæra afborganir sjálfvirkt af reikningum sínum að láta breyta lánanúmeri. Unnt er að lækka seðilgjald niður í 120 kr. ef seðill er afþakkaður og skuldfært er af tékkareikningi hjá hvaða banka sem er.

Fjármálakreppan og áhrif hennar á lífeyrissjóði

Fjármálakreppan sem hófst í Bandaríkjunum fyrir rúmu ári síðan vegna svo-nefndra undirmáslána hefur skollíð á Íslandi af miklum þunga. Þvílíkar hamfarir á fjármálamarkaði hafa ekki sést áður og óraði fáa fyrir afleiðingunum. Þrír stærstu bankar landsins eru farnir í þrot og margar smærri fjármálastofnanir heyja harða baráttu til að halda velli. Fjöldmörg fyrirtæki hafa lent í vandræðum og þúsundir manna hafa misst vinnuna.

Lífeyrissjóðir voru meðal stórra fjárfesta á íslenskum hlutabréfamarkaði. Hlutabréf bankanna og annarra fjármálafyrirtækja voru stærsti hluti markaðarins. Ljóst er að lífeyrissjóðir hafa tapa miklum fjármunum. Hlutabréf bankanna eru töpuð og búast má við að skuldabréf bankanna tapist að miklu leyti. Skuldabréf flestra fyrir-

tækja eru í uppnámi og líklegt að hluti slíkra krafna tapist. Gróft mat tryggingafræðings er að lífeyrissjóðir gætu þurft að afskrifa 15 -25% af hreinni eign sinni í ágústlok vegna gjaldþrots bankanna og afleiðinga af þeim. Þessi afskrift er viðbót við neikvæða ávöxtun á fyrri hluta ársins.

Lífeyrissjóðir hafa brugðist við fjármálakreppunni með ýmsum hætti. Þeir hafa eflst samstarf um að verja hagsmuni, eignir og kröfur. Lausu fé og nýjum iðgjöldum hefur verið beint í bankainnistæður og traust verðbréf, einkum bréf ríkis og sveitarfélaga. Undirbúnar hafa verið tillögur um aðstoð við þá sem lenda í greiðsluferðleikum með sjóðfélagalán. Rætt hefur verið við stjórnvöld um breytingar á lögum og reglugerðum til að auka svigrúm lífeyrissjóða til að bregðast við áföllum.

Lífeyrissjóður verkfræðinga breytti samsetningu séreignarsparnaðar sjóðsins hjá SPRON verðbréfum í byrjun október. Allt fé var tekið úr peningamarkaðssjóði og fært yfir í innlán og stöður voru minnkaðar í öðrum skuldabréfasjóðum og færðar yfir í innlán. Öll ný iðgjöld vegna séreignar eru færð á innlánsreikning hjá SPRON og verður það gert þar til markaðurinn hefur róast. Öll ný iðgjöld vegna samtryggingardeildar eru í innlánunum eða keypt fyrir þau traust verðtryggð skuldabréf. Í athugun er að bæta við nýjum leiðum fyrir séreignarsparnað í ríkistryggðum skuldabréfum og innlánunum (bankabók). Nú er boðið upp á tvær leiðir, safn innlendra skuldabréfa og blandað safn innlendra skuldabréfa, innlendra og erlendra hlutabréfa.

Ljóst er að lífeyrissjóðir þurfa að endurskoða fjárfestingastefnu sína til skemmri og lengri tíma eftir undangengnar hamfarir á fjármálamarkaði. Lífeyrissjóður verkfræðinga mun fjalla um þessi mál á kynningarfundum 19. nóvember.

Lífeyrissjóður verkfræðinga

Engjateigi 9, 105 Reykjavík

Sími: 568 8504

Netfang: lifsverk@lifsverk.is

Vefur: www.lifsverk.is

Skrifstofan er opin kl. 9-16.